

Fundur skólaráðs 13.mars 2023

Mættir: Mættir: Trostan, Hrund Malín, Sigrún Gylfa, Kristvina, Sigrún Eva, Birna.

Dagskrá:

- 1) Farsældarlög,
- 2) Drög að skóladagatali næsta árs.
- 3) Önnur mál

1)

Fjallað um farsældarlögin og þá breytingu sem þau eiga að hafa í för með sér. Starfsmenn skóla sóttu nýverið kynningu BOFS (Barna- og fjölskyldustofu) og fengu þá innsýn í hugmyndafræðina sem í stuttu máli er sú að alls staðar sé vakað yfir velferð barna og gripið til þeirra aðgerða sem þörf er á hverju sinni. Málum er skipt upp í stig eftir alvarleika og eru sérfræðingar kvaddir til þegar og ef þörf krefur hverju sinni.

Verið er að setja saman ramma og vinnureglur svo að lögin nái sem best fram að ganga en sveitarfélög hafa aðlögunarfrest.

2)

Kynnt drög að skóladagatali sem búið er að ræða stuttlega í starfsmannahópi. Settir hafa verið inn samræmdir vetrarfrísdagar á Norðurlandi-vestra. Haldið verður áfram með dagatalið á næsta fundi eftir frekari umræður í starfsmannahópnum.